

**Sþ.**

**401. Fyrirspurnir.**

[208. mál]

I. Til fjármálaráðherra um skýrslu um afkomu ríkissjóðs 1980.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hvenær má vænta skýrslu fjármálaráðherra um afkomu ríkissjóðs 1980, samkv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds?

II. Til félagsmálaráðherra um könnun á kjörum og aðbúnaði farandverkafólks.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hinn 18. mars 1980 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að kanna gildandi lög og reglur um kjör og aðbúnað farandverkafólks, þ. m. t. erlends farandverkafólks, hér á landi og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Í fréttatilkynningu er frá því greint, að nefndin skuli skila álitum innan þriggja mánaða.

1. Hefur nefndin skilað álitum?
2. Ef svo er, hvaða tillögur gerir nefndin til úrbóta á málefnum farandverkafólks, þ. m. t. erlends farandverkafólks, hér á landi?